



Brunavarnir Árnæssýslu

Árvegi 1
800 Selfoss
4-800-900
894-1845
ba@babubabu.is

Selfossi 15.júní 2012

Fundargerð fulltrúaráðs

89. fundur fulltrúaráðs *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn að Árvegi 1, Selfossi, föstudaginn 15. júní 2012 kl. 14.15.

Mætt:

Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson, Kjartan Lárusson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Ólafur Leifsson, Stefán Helgason, Kristján Einarsson slökkvistjóri, Pétur Pétursson varaslökkvistjóri og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins:

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi KPMG.

Formaður setur fund og fer lauslega yfir dagskrána.

Breytingar á stjórn BÁ kynntar, Kjartan tekur sæti Gunnars.
(Samkomulag frá fyrsta fundi stjórnar nr. 86. frá 13.9.2010)

1. Reikningar BÁ fyrir árið 2011

Fyrir fundinum lág ársreikningur BÁ fyrir árið 2011.

Eyþór, Kristján og Einar fara yfir helstu tölur og svara fyrirspurnum vegna einstakra liða.

Ársreikningur 2011 samþykktur.

2. Önnur mál

a) Verið er að vinna í sameiningarmálum við Hrunamenn og unnið er að gagnavinnslu vegna húsamála. Þetta tvennt verður rætt á næsta fulltrúaráðsfundi.

b) Rætt um dagskrá vígslunnar Björgunarmiðstöðvarinnar á Selfossi sem fram fer kl. 15.00 í dag.

Dagskrá vígsluhátíðar í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi
15. júní 2012

Aðilar í húsinu:

- **Björgunarfélag Árborgar**
- **Heilsugæsla Suðurlands**
- **Brunavarnir Árnessýslu**
- **Neyðarlínan**

15.00 Móttökuræða formanns bæjarráðs Árborgar, Eyþórs Arnalds
Að lokinni ræðu gefur Eyþór boltann á vígslustjóra, Sr. Óskar Óskarsson

- Vígslustjóri kynnir atriði frá Tónlistaskóla Árnessýslu
Nemendurnir eru: Jóhanna Höeg, saxafón og Guðmundur Stefánsson, klarinet. Stjórnandi og meðspilari: Örlygur Benediktsson.
- **Vígsla:** Sr. Óskar Óskarsson Tónlist: Kirkjukórinn
- Ávarp, fulltrúi ráðherra
Sveinn Magnússon skrifstofustjóri velferðarþjónustu í Velferðarráðuneytinu.
- Vígslustjóri kynnir atriði frá Tónlistaskóla Árnessýslu
- Ávörp gesta, 2 aðilar
- 1. Formaður félags slökkviliðsstjóra, Jón Viðar Matthíasson, sl.stjóri slökkviliðs höfuðborgarsvæðis
- 2. Formaður Landsbjargar, Hörður Már Harðarson
- Vígslustjóri kynnir atriði frá Tónlistaskóla Árnessýslu
- Ávarp gesta
- Kaffi. Stór kaka frá Árborg
Vígslustjóri býður fólki að þiggja veitingar og skoða húsnæðið

Fundi slitið kl. 14:40